

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 62/2020

2023/EES/19/16

frá 30. apríl 2020

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum og snúningshraðastýringum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án áspéttis og hringrásardælum án áspéttis sem eru felldar inn í vörur og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/1781 fellir úr gildi, frá 1. júlí 2021, framkvæmdarreglugerð (EB) 640/2009 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn, og ber því að fella gerðina brott úr samningnum frá 1. júlí 2021.
- 3) II. og IV. viðauki við EES-samninginn breytast því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 6r (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013):

„6s. **32019 R 1781**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum og snúningshraðastýringum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án áspéttis og hringrásardælum án áspéttis sem eru felldar inn í vörur og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 (Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 74).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 14. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 641/2009):

„– **32019 R 1781**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781 frá 1. október 2019 (Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 74).“

3. Texti 13. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 640/2009) fellur brott frá 1. júlí 2021.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 74.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 26.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á IV. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 26s (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 813/2013):

„26t. **32019 R 1781**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1781 frá 1. október 2019 um kröfur varðandi visthönnun á rafmagnshreyflum og snúningshraðastýringum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB, um breytingu á reglugerð (EB) nr. 641/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjálfstæðum hringrásardælum án áspéttis og hringrásardælum án áspéttis sem eru felldar inn í vörur og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 640/2009 (Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 74).“

2. Eftirfarandi undirlið er bætt við 37. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 641/2009):

„– **32019 R 1781**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2019/1781 frá 1. október 2019 (Stjtíð. ESB L 272, 25.10.2019, bls. 74).“

3. Texti 36. liðar (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 640/2009) fellur brott frá 1. júlí 2021.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/1781, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. maí 2020, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. apríl 2020.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.